


Theory and Practice of Online Therapy

Internet-delivered Interventions for Individuals, Groups, Families, and Organizations

BÓKARUMFJÖLLUN



Ritstjórar: Haim Weinberg og Arnon Rolnick. 2020. 292 bls. New York: Taylor & Francis eBook ISBN: 978-1315545530

Ritstjórar bókarinnar eru tveir klínískir sálfræðingar og hún fjallar um ýmsar hliðar þess að veita sálræna meðferð á internetinu. Bókin skiptist í fjóra hluta; a) fjallar almennt um þá þætti sem þarf að hafa í huga

þegar meðferð er veitt á internetinu, b) fjallar um para- og fjölskyldumeðferð, c) er um hópameðferð á internetinu og d) er um fjarvinnu, t.d. vinnufundi með teyllum, innan fyrirtækja og stofnana. Í hverjum hluta er einn kafli sem er samtali milli fagaðila um ákveðna þætti þess að vinna í fjarþjónustu.

Fyrsti hlutinn skiptist í sjö kafla þar sem fjallað er um ýmsa almenna þætti varðandi fjarmedferð, t.d. hvernig samkennd og meðferðarsamband er byggt upp án þess að fagaðili og skjólstæðingur séu í sama rými. Bent er á hvernig tæknin breytir því hvað er sýnilegt og hvað ekki, t.d. hvernig ásýnd beggja á andlit og líkama er öðruvísi á tölvuskjá en á staðnum, hverju það breytir og hvernig hægt er að yfirvinna það til að byggja upp samband milli aðila. Þá er einnig fjallað um handleiðslu á netinu.

Annar hluti skiptist í fimm kafla þar sem fjallað er um para- og fjölskyldumeðferð í fjarþjónustu, og sérstaklega út frá því að nota samtali með mynd (frekar en eingöngu með hljóði eða í spjallformi). Nefndir eru bæði kostir og ókostir þess að sinna slíkri meðferð í fjarþjónustu og sérstaklega teknar fyrir fjórar áskoranir sem fagaðilar þurfa að hafa í huga. Sú fyrsta snýr að því hvernig fagaðilinn getur lagað meðferðina að þeim nýju samskiptaformum sem nú eru í boði með tilkomu tölva og internetsins. Önnur áskorunin snýr að þögninni og

hvernig þarf að huga að henni í meðferðarsamtalinu þegar það fer fram í fjarþjónustu. Þriðja áskorunin er náandin og hvernig fagfólk getur skapað hana í fjarþjónustu. Sú fjórða snýr að því hvernig fagaðilinn nýtir sitt stafræna sjálf í fjarvinnunni og hvað átt er við með því. Þá eru einnig teknir fyrir praktískir þættir, eins og það hvort parið eða fjölskyldan skuli vera í sömu tölvunni eða hver í sinni tölvu.

Þriðji hluti bókarinnar skiptist einnig í fimm kafla og fjallar um hópameðferðir í fjarþjónustu, en ekki hefur orðið jafnmikil þróun í henni og í einstaklingsmeðferð á netinu og lítið er til af rannsóknum um hópameðferð í þessu formi. Þeirri spurningu er velt upp hvort þörf sé á nýrri hugmyndafræði til að ná utan um hópameðferð í fjarþjónustu, af hverju slíkt gæti verið nauðsynlegt og þá hvaða hugtökum þurfi að huga að í því samhengi. Að lokum er fjallað stuttlega um praktískar hliðar þess að vinna með hópum í fjarþjónustu.

Síðasti hlutinn skiptist líka í fimm kafla og lýsir því hvernig hægt er að nota fjarvinnu í hópum og teyllum hjá stofnunum og fyrirtækjum. Í fyrsta lagi er athygli beint að þeirri staðreynd að sífellt fleiri verkefni og vinnustaðir samanstanda af fólki sem býr víðs vegar um heiminn og hittist með hjálp tölva og getur jafnvel verið í mismunandi tímabeltum, tilheyrt mismunandi menningarheimum og svo framvegis. Í öðru lagi er sjónum beint að tækniþætti þess að vinna saman í fjarvinnu og fjallað um þá kosti og galla sem geta fylgt slíku fyrirkomulagi. Í þriðja lagi er fjallað um myndsamalið sem slíkt og í fjórða lagi um starfshætti og reglur innan stofnunar eða fyrirtækis og hvaða áhrif slíkt getur haft á samvinnu þeirra sem að verkefni eða vinnu koma, bæði sýnilega þætti, eins og um klæðnað, en einnig ýmislegt ósýnilegt sem tengist starfsháttum, eins og viðmið, gildi og samskipti.

Bókin gefur gott yfirlit yfir það hvernig fjarvinna getur haft áhrif á aðgengi fólks að bæði atvinnu og þjónustu, tæknilegar hliðar þess að nota fjartækni í vinnu, kosti þess og galla. Hún hentar því vel fyrir alla félagsráðgjafa sem vilja kynna sér hvernig fjarvinnan getur í auknum mæli gagnast þeim sjálfum og þeim sem nýta sér þjónustu þeirra.

Ingibjörg Þórðardóttir